

Kópavogur 6. 10. 2022

Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023.

Umsögn þessi varðar þann lið er snýr að fyrirhugaðri hækkun áfengisgjalds í fríhöfn úr 10% í 25% af innlendu áfengisgjaldi.

Áhyggjurnar eru tvíþættar og snúa að rekstrartekjum fríhafnarinnar og innlendra fyrirtækja og smáframleiðenda sem eiga mikið undir innlendu fríhafnarsölunni.

Velt er upp þeirri spurningu hvort skoðað hafi verið nægjanlega vel hvaða þýðingu þessi hækkun hefur á kauphegðun fólks og þal þróun tekna fríhafnar og hennar byrgja.

Augljóst er að samkeppnisstaða Fríhafnarinnar mun versna, samanborið við erlendar fríhafnir. Gera má ráð fyrir að fríhafnarverslun muni færast að nokkru, eða talsverðu leiti til þeirra erlendu fríhafna sem búa við lægri skattlagningu. Sú tapaða sala eru tekjur sem ríkissjóður mun verða af. Sú tapaða sala minkar afkomu fríhafnarinnar, sem minkar tekjur ISAVIA.

Í dag er nokkur fjöldi smærri innlendra áfengisframleiðenda sem byggja sínar tekjur að nokkru eða miklu leiti á fríhafnarsölu í KEF. Þessir smærri aðilar verða illa fyrir barðinu á hækkuninni, því þeirra vörumerki eru ekki seld erlendis, þar sem tollverslun mun eiga sér stað í auknum mæli.

Innlendir áfengisframleiðendur hafa, undanfarin ár, byggt upp af hugsjón íslenskt orðspor í þessum geira. Þá í harðri samkeppni við erlend stórmerki. Markaðir erlendis eru hægt og rólega að opnast, enn er þó mikið og kostnaðarsamt verk fyrir höndum að byggja upp orðspor Íslands er varðar útflutning áfengis. Lítið hefur farið fyrir styrkjum frá ríki og stofnunum til þessa. Þótt framtíðar-tekjumöguleikar séu talsverðir fyrir þjóðarbú okkar.

Hækkun áfengisgjalds í fríhöfn mun því óhjákvæmilega minnka tekjur þessa aðila og getur í versta falli þytt endalok sumra þessara smáframleiðenda.

Sorglegt er svo að hugsa til þess að áfengisneysla mun væntanlega ekki minnka, þarsem aðgengið er enn mikið og verslun færst í erlendar fríhafnir.

Það má því leiða að því líkum að það sé hagur bæði ríkis og smáframleiðenda að halda áfengisgjaldi í fríhöfn óbreyttu og tryggja þannig rekstrargrundvöll fyrir bæði Fríhöfn og innlenda smáframleiðendur.

Virðingarfyllst.

Snorri Jónsson
64°Reykjavík Distillery ehf.